eldri jarðabótum, *að* presturinn eða bú hans, ef hann flytur frá brauðinu eða deyr áður en lánið er að fullu endurgoldið, borgi það af hinu óendurgoldna láni, sem reynast kann, eptir reglulegri skoðunargjörð samkvæmt framansögðu, að vera óeytt, og *að* presturinn, ofannefndur sjera Arnór Þorláksson, afhendi stiptsyfirvöldunum til frekari tryggingar fyrir skilvísri endurborgun hins umrædda láns með vöxtum, lífsábyrgðarskírteini frá lífsábyrgðar og framfærslustofnuninni frá 1871, að upphæð 2000 kr., er stiptyfirvöldin svo annist um að haldið verði við með því að greiða iðgjaldið fyrir ábyrgðina í tæka tíð af tillagi því, sem Hestþingaprestakall nýtur úr landssjóði. 87 10. júlí

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Húnavatnssýslu* **um sýsluvegagjald og hvernig því megi verja.** — Eptir að mjer hefur borizt þar að lútandi beiðni frá þingmönnum Húnvetninga ásamt skýrslu yðar um ástand og hag sýsluvegasjóðsins í Húnavatnssýslu, vil jeg hjer með eptir kringumstæðunum samþykkja, að afborgun og vextir af láni því, sem sýslan fjekk 1881 úr viðlagasjóði mestmegnis í þeim tilgangi að endurbæta veginn yfir Miðfjarðarháls og Hrútafjarðarháls, verði, þangað til lánið er fullgreitt, dregin frá þeim helmingi sýsluvegagjaldsins, sem samkvæmt brjefi mínu 8. maí f. á. á að ganga til aðalpóstvega. 88 15. júlí

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa prestakalli til húsabyggingar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og herra biskup, í þóknanlegu brjefi dags. 1. þ. m. og eptir beiðni prestsins að Reynivöllum í Kjós, sjera Þorkels Bjarnasonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur lagt meðmæli sín með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki lán handa nefndu prestakalli gegn veði í tekjum þess, að upphæð 970 krónur, til þess að bæta hýbýli á prestssetrinu og fullgjöra vandaða timburbaðstofu, er sje byggð samkvæmt lýsingu þeirri, sem gefin er í skýrslu þriggja matsmanna, er brjefi yðar fylgdi; þó er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum: 89 18. júlí

1. að lánið sje að fullu endurborgað í síðasta lagi á 16 árum. með $^1/_{16}$ á ári auk vaxta;
2. að húsabótin sje gjör sama árið og presturinn fær lánið;
3. að húsið verði traust og vandað, með járnþaki, en á göflum varið þýzkum þakdúki;
4. að presturinn vátryggi húsið gegn eldsvoða með hæfilegri upphæð, og haldi því sífellt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts;
5. að húsið verði eign prestakallsins og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans skili því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.
6. að eigi verði meira en helmingur lánsins tekinn út áður en byggingunni er lokið, en hinn helmingurinn þá fyrst, er húsabótin er algjörð, og sannað er með lögmætri

89 18. júlí skoðunargjörð og virðingargjörð, að hún sje vel af hendi leyst í alla staði, og að verðmunurinn á hinum þannig umbættu húsum og húsum þeim, sem presturinn auk þessa á að skila af sjer, nemi að minnsta kosti lánsupphæðinni.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

90 24. júlí **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu* **um lögskráning vinnumanna skipseigenda.** — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 16. f. m. um það, hvort einnig beri að nota viðskiptabækur farmanna og skigshafnarskrár, þar sem maðurinn, er skipið á, notar á það menn, sem eru ráðnir ársmenn hjá honum, og skipið aðeins fer smáferðir milli fjarða, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar, að með því að sú skylda, að láta lögskrá skipshöfn, hvílir ekki á skipseiganda sem slíkum, heldur á hverjum þeim skipstjóra, sem ræður menn á skip með sjer hjer á landi, og lögin aðeins fyrirskipa, að skipstjóri fái skipverjum viðskiptabækur, þegar hann ræður þá á skip með sjer og gjörir við þá vistráðasamning, þá leiðir af þessu, að ef skipseigandi notar *eingöngu* ráðna ársvinnumenn sína til að fara með sjer smáferðir á skipi milli fjarða, svo að alls engin sjerstök vistráð af hálfu skipstjóra fara fram til ferðanna, og engir sjerstakir samningar eru gjörðir þar að lútandi, er veiti vinnumönnum rjettindi fram yfir hinn almenna vistarsamning, þá getur ekki komið til neinnar lögskráningar eða nein ástæða verið til að fá vinnumönnunum sjerstakar viðskiptabækur, enda geta þeir naumast talizt sjómenn eða farmenn, þó að þeim meðal annara verka sje fengin slík vinna, sem að ofan ræðir um.

91 29. júlí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í norður- og austuramtinu* **um flutning á þingstað Vallahrepps.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2. maí þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi, ásamt ágripsendurriti af fundargjörðum sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu 12. marz þ. á., þar sem farið er fram á, að þingstaður hreppsins megi flytjast frá Völlum að Tungufelli, og að hreppurinn nefnist eptirleiðis Svarfaðardalshreppur, þegar breytingin er komin í kring, og hafið þjer lagt það til, að hið umbeðna leyfi verði veitt.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á tillögu yðar í þessu efni, og ber hreppsnefndinni að sjá um, að jafnan sje sæmilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað.

92 30. júlí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í norður- og austuramtinu* **um borgun fyrir uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga.** — Þjer hafið, herra amtmaður, með þóknanlegu brjefi, dags. 14. maí þ. á., sent mjer fyrirspurn hreppstjórans í Glæsibæjarhreppi um það, hvort hreppstjórar sjeu skyldir til að halda uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga endurgjaldslaust, er sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu með skírskotun til kancellibrjefs 14. desbr. 1841 hefur greitt jákvæði við, að því viðbættu, að hreppsnefndirnar sjálfar geti haldið uppboð þessi, og hafið þjer tekið fram, að eptir yðar áliti